

Lífið

FÖSTUDAGUR
26. JÚLÍ 2013

Lífið skoðaði fólk
í sumarblíðunni
**GÖTUTÍSKAN
Í KAUPMANNA-
HÖFN 2**

Verslunin Andrea
í Hafnarfirði
**STÓR HÁLSMEN
VERÐA ÁFRAM
VINSÆL 6**

Aldís Pálsdóttir
ljósmyndari
**FACEBOOK ER
ATVINNUSKAPANDI
FYRIR MIG 8**

Gígja Birgisdóttir

FEGURÐAR- SAMKEPPNIN VAR STÖKKPALLUR

FRÉTTABLAÐIÐ

› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, sást á Kalda bar í vikunni sem leið. Sumarblíðan og sólskinsdagar eru einstaklega hvetjandi fyrir mannlífið í miðborginni. Veit-



inga- og kaffihús borgarinnar blómstra og því voru ófá þekkt andlit sem kíktu út og fengu sér léttu drykki. Leikkonan **Nína Dögg Filippusdóttir**



sat einnig í makindum sínum á Kalda bar. Enn fremur mátti sjá **Veigar Ólmi Gunnarsson**, stjórnanda kynlífsfræðsluþáttarins Tveir + sex.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is

Umsjón Lífsins á Vísir.is
Elly Ármann
elley@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Forsíðumynd
Björg Vigfúsdóttir

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Hár og makeup
Pórunn Hulda Vigfúsdóttir



MYNDIR/MARÍN MANDA MAGNÚSDÓTTIR

SALON REYKJAVÍK

ÞREYTT Á AÐ EYÐA OF MIKLUM TÍMA Í AÐ REYNA AÐ TEMJA HÁRIÐ? VILT ÞÚ SLÉTT, GLANSANDI OG "FRIZZ" LAUST HÁR EINS OG JENNIFER ANISTON?

SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR. PANNTAÐU TÍMA Í FRÍA RÁÐGJÖF OG LEYFÐU OKKUR SÝNA ÞÉR HVÆÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG OG ÞITT HÁR

VERTU VELKOMINN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: **56 85 305**
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 8 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13



TÍSKA DANIR TOLLA Í TÍSKUNNI

Síðir og stuttir blómakjólur, flaksandi pils, samfestingar, stuttbuxur og sandalar. Allt virðist vera leyfilegt í sumar.

Stórborgin Kaupmannahöfn er þekkt fyrir litlu hafmeyjuna, Tívolíð, konungsfjölskylduna, smørrebrød og að sjálfsgöðu hönnun og tísku. Á sumrin iðar borgin af mannlífi, þar sem fólk er að mestu fótgangandi eða hjólandi um borgina og nýtur sérhverrar stundar í góða veðrinu. Lífið skoðaði tískustrauma sumarsins og fékk að smella nokkrum myndum af áhugaverðu fólki á röltinu í miðborginni.



Myndirnar voru teknar á Strikinu, Købmagergade og á Íslandsbryggju.



25. - 27. JÚLÍ | FIMMTUDAGUR TIL LAUGARDAGS

GÁMASALA

FYRSTIR
KOMA,
FYRSTIR FÁ

mongoose
ALVÖRUHJÓL

ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

AÐEINS
ÞESSA 3
DAGA!

VIÐ FENGUM ÓVÆNT FULLAN GÁM AF **MONGOOSE** HJÓLUM
SEM VIÐ ÞURFUM AÐ LOSNA VIÐ - **STRAX!**

SÖLUMENN OKKAR VERÐA Í SAMNINGSSTUÐI!

MÖGULEIKI Á VAXTALAUSU LÁNI Í 6 MÁNUÐI EF KEYPT ER FYRIR 75,000,- EÐA MEIRA.

GAP

FAXAFENI 7 | SÍMI 5 200 200 | GAP.IS

GÍGJA BIRGISDÓTTIR

FJÖGUR TUNGUMÁL Á HEIM

Aðeins 18 ára var hún kosin fegurðardrottning Íslands. Draumurinn var að flytja til Lúxemborg í 20 ár og rekur stílistafyrirtækið Gia in style. Lífið ræddi við Gígju menntunina erlen

NAFN Gígja Birgisdóttir

ALDUR 45 ára

STARF

Image Consultant – Útlitsráðgjafi

HJÚSKAPARSTAÐA

Í sambúð með Jerome Wigny

BÖRN

Leo-Thor 12 ára og
Viktor Týr 5 ára.

Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst yngri? „Prinsessa í kastala í heitu landi.“

Þú varst valin fegurðardrottning Íslands árið 1986. Hvernig kom það til að þú fórst í keppnina? „Þetta var nú algjörlega óvart. Ég hafði ekki mikið sjálfsálit á þessum tíma, var löng, mjó og með rautt háir í þokkabót. Einn góðan veðurdag hringdi Heiðar Jóns í mig og spurði hvort ég vildi ekki taka þátt í Ungfrú Akureyri. Ég var í svo miklu sjokki að ég man varla eftir samtalinu. Til að gera langa sögu stutta, þá sigraði ég Ungfrú Akureyri og tók þátt í Ungfrú Ísland um mánuði seinna og var valin Fegurðardrottning Íslands. Þetta gerðist allt svo hratt og ég var svo ung og óreynd og var allt í einu orðin „fræg“ á Íslandi. Ég hafði aldrei labbað á háhæluðum skóm og átti auðvitað ekki svoleiðis. Ég keypti mér eina hvíta með 6 cm hæl fyrir keppnina og svo fjárfesti ég í svörtum hælum fyrir Miss World-keppnina. Mér fannst ég vera þvíflikt fullorðin, rétt 18 ára. Þegar ég horfi til baka var ég mjög óþroskuð og áhrifagjörn. Fólkið sem stóð að keppninni var sem betur fer þvíflikt eðalfólk. Heiðar Jóns og Jana Geirs eru höfðingjar og ég er óendanlega þakklát fyrir allt sem þau gerðu fyrir mig. Unnur Arngríms er líka mikil fyrirmynd fyrir mig og gaf mér ómetanleg ráð fyrir framtíðina.“

Fegurðarsamkeppnin opnaði dyr

Urðu miklar breytingar í lífi þínu eftir keppnina? „Það gerðust fullt af spennandi hlutum í mínu lífi og ég fékk nokkur gylliboð um módelstörf t.d. í París og Ástralíu, sem ég hafnaði auðvitað því ég var á leiðinni í háskóla í Bandaríkjunum. Þetta var góður stökkpallur fyrir mig. Þetta var allt öðruvísi en þetta er í dag. Samfélagsmiðlar voru ekki til og eflaust varð einhver gagnrýni bak við lokaðar dyr eftir Miss World en ég kom ekkert skemmd út úr þessu því ég heyrði ekkert nema jákvæðar raddir. Ég flutti til Reykjavíkur, fékk vinnu í Íslandsbanka og var á fullu í tiskusýningum með Módel-samtökunum. Unnur Arngríms hugsaði ótrúlega vel um módelin sín. Það var brjálað að gera hjá okkur og ég hafði bara nokkuð gott upp úr þessu, sem hentaði vel þar sem ég var að safna fyrir háskólanáminu í Bandaríkjunum.“

Það hafa verið uppi ýmsar gagnrýnisraddir varðandi fegurðarsamkeppnir í dag, hvað hefur þú að segja um það? „Hver og einn hefur rétt á sinni skoðun. Það getur vel verið að þessi keppni sé mikið breytt síðan ég tók þátt á sínum tíma. Þetta hafði jákvæð áhrif á mitt líf þrátt fyrir að ég hafi ekkert verið að nefna þetta í mörg ár hér úti. Þátt-takan hjálpaði mér að taka næsta skref í átt að náminu í Bandaríkjunum sem ég þráði svo mikið.“

Varð námið í Ameríku að veruleika? Árið 1989 pakkaði ég í ferðatöskur og hélt af stað til San Diego og útskrifaðist með hæstu einkunn í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði frá San Diego-ríkisháskólanum. Ég fékk vinnutilboð í San Diego, Los



Gígja Birgisdóttir er stórgléstleg. Hún segist ekki sakna Íslands því hún sé dugleg að heimsækja vini og vandamenn.

Angeles og New York og eitt tilbóð í Lúxemborg, sem ég samþykkti.

Í fyrra fór ég svo til London í meira nám og er nú löggiltur útlitsráðgjafi eða „Certified Image Consultant“ frá London Image Institute.

Langar að hjálpa fólki

Hvað er löggildur útlitsráðgjafi, í hverju felst það? „Það er búið að gera alls konar rannsóknir á því hvernig fólk dæmir aðra manneskju á fyrstu fimm sekúndunum þegar þú hittir hana í fyrsta skipti. Það ytra passar ekki alltaf við það innra og sumt fólk þarf því ráðgjöf við að finna sjálft sig, sinn stíl og blómstra. Þetta er ekki beint að vera stílisti heldur er þetta sambland af markþjálfun, litagreiningu og ráðgjöf. Ég er þó ekki sérfræðingur í öllu og er ekki að sálgreina fólk og leysa þeirra dýpstu vandamál heldur hjálpa því að laga útlit sitt svo því líði betur. Það er heilmikil undirbúningvinnu sem fylgir svona verslunarferli og ég þarf að vita ýmsar grundvallarupplýsingar um lífsstíl

viðskiptavinarins og hafa ákveðna fjárhagsáætlun svo ég viti hvað ég hef til að vinna með. Ég fer svo og forversla fyrir viðskiptavininn þannig að þegar hann mætir á svæðið eru ákveðnar vörur tilbúnar fyrir hann í réttu stærð. Þannig verður verslunarleiðangurinn að meiri upplifun og tekur styttri tíma.“

Nú hefur þú búið í Lúxemborg í 20 ár, hvað er það sem heillar þig mest við borgina? „Mér finnst alveg yndislegt að búa í Lúxemborg sem er mjög falleg og á sér langa sögu. Borgin er mjög miðsvæðis í Evrópu og því auðvelt að ferdast. Við förum mjög oft til Brussel um helgar því tengdaforeldrar mínir búa þar rétt hjá. Borgin er líka þægilega stór og mjög alþjóðleg. Það er mjög mikið að gerast í menningarlífinu í Lúxemborg. Við förum á klassíska tónleika minnst einu sinni í viku og svo erum við með áskriftarmíða í Óperuna bæði í Lúxemborg og í Brussel.“

Talarðu tungumálið? „Ég tala frönsku og get bjargað mér á lúxemborgísku. Ég hefði aldrei ímyndað mér að ég ætti eftir að búa í landi

NÁTTÚRULEGA SVALANDI

FRÍSKANDI GOSDRYKKUR ÚR LÍFRÆNUM EPLASAFNA MEÐ MILDU ENGIFERBRAGÐI

Organic • Bio • Organic

NATURFRÍSK

GINGER ALE

Soda • Limonade • Soda

ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR,
SÆTUEFNI EÐA ÖNNUR AUKEFNI

GÓÐUR KOSTUR SAMA
HVERT TÍLEFNIÐ ER

Yggdrasill heildsala | yggdrasill.is

MILINU

il heitra landa og nú hefur hún búið
u um fegurðardrottningarævintýrið,
dis og menningarlífið í Lúxemborg.



LÓSMYND/BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR

**Þetta gerðist allt
svo hratt og ég var
svo ung og óreynd
og allt í einu orðin
„fræg“ á Íslandi.**

þar sem franska er aðal tungumálið. Ég skellti mér því á „intensive“ námskeið í þrjú og hálfan mánuð og reyndi að vera eins mikið og ég gat í kringum franska tungu. Hlustaði bara á franskt útvarp og las bækur og tísku-
blöð á frönsku. Í dag tala ég frönsku reiprennandi. Ég er svo að brasa við að læra lúxemborgísku. Eldri strákurinn minn talar fimm tungumál reiprennandi og sá yngri talar þrjú.

Á heimilinu tölum við fjögur tungumál. Ég tala íslensku við strákana, maðurinn minn talar frönsku við þá, ég tala ensku við manninn minn og þegar við erum öll saman tölum við frönsku. Barnapían okkar er frá Bosníu og talar lúxemborgísku.“

Uppáhalds

MATUR

Súkkulaði og japanskur matur.

DRYKKUR

Kampavín.

VERSLUN

The Mall í Flórens á Ítalíu.

HÖNNUÐUR

Alexander McQueen.

HREYFING

Útivera, golf, hjóla, ganga, skokka, skíða. Er samt allt of léleg að hreyfa mig reglulega.

VEFSÍÐA

www.giainstyle.com. Svo skoða ég wort.lu á hverjum degi til að fylgjast með innlendum fréttum.

VEITINGAHÚS

Japanski staðurinn Nobu klikkar ekki. Við reynum alltaf að prófa bestu japönsku staðina þegar við ferðumst í stórborgum.

DEKUR

Slökun eftir góðan göngutúr í góðum félagskap í falletgri náttúru.

Myndaalbúmið



• Gígja ásamt foreldrum sínum við útskriftina í Bandaríkjunum. • Synirnir Leo-Thor og Viktor Týr saman í heimsókn á Akureyri.

Summarís

Rjómaís með kókos, ástaraldin, mangó og súkkulaðidropum



Nýtt

emmessis

Fegurðardrottning



Gígja Birgisdóttir var krýnd Fegurðardrottning Íslands árið 1986 og þótti þessi tími einstaklega gefandi.

Valdi skemmtilega vinnu

Nú breyttir þú um starfsvettvang og stofnaðir þitt eigið fyrirtæki, *Gia in Style*, á síðasta ári. Hvernig kom það til? „Ég var í fjármála-bransanum í rúm 15 ár. Byrjaði hjá Schroder Investment Management árið 1996 og var þar í 10 ár í lögfræðideild, regluvörslu og áhættustjórnun. Síðan var ég ráðgjafi hjá Deloitte í rúm tvö ár og síðasta starf mitt í fjármála-bransanum var hjá Brown Brothers Harriman. Störfin mín hafa alltaf verið krefjandi og vinnutíminn í Lúxemborg er langur. Maðurinn minn vinnur mikið svo það var erfitt að láta hlutina ganga upp. Jafnvel þótt ég hafi alla þá hjálpmenn sem ég þarf til að reka heimilið. Mér fannst ég vera komin með bauga niður á hné og ekki hafa nægan tíma til að sinna strákonum mínum, svo ég ákvað að segja upp í vinnunni hjá BBH.

Ég er ekki sú týpa sem situr heima með lappirnar upp í sófa og bíður eftir að karlinn komi heim. Ég vildi geta verið minn eigin herra og ákvað að gera það sem ég vissi að ég væri fær í svo útlitsráðgjöf var auðvelt val.

Upphaflega hugmyndin mín var að bjóða upp á fyrirsætu- og framkomunámskeið fyrir ungt fólk. Slík námskeið hafa gengið mjög vel á Íslandi um árabil og hjálpað mörgum ungmönnum að byggja upp sjálfstraust og læra undirstöðuatriði í mannlegum samskiptum. Nú er ég komin í samstarf við þýska og lúxemborgíska snyrtifræðinga, ljósmyndara, fitnessþjálfara og sálfræðinga.“

Orðsporið skiptir öllu máli

Hverjir hafa aðallega verið viðskiptavinir *Gia in Style*? „Viðskiptavinir mínir koma frá öllum

stéttum þjóðfélagsins og hafa aðallega verið konur frá 30 ára og eldri.

Mikilvægasta auglýsingin í Lúxemborg er orðsporið og það hefur gengið vel því viðskiptavinir mínir eru ánægðir.“

Hverjir eru þínir uppáhaldshönnuðir og af hverju? „Þegar ég kaupi mér fót finnst mér mikilvægt að þau séu úr góðum efnum og að snið og allur frágangur sé vandað. Mér finnst kjólar frá Diane Von Furstenberg flottir og kvenlegir. Bestu vinnudragtirnir fyrir mig eru frá D&G, ég þarf ekki einu sinni að máta. Ég hef notað sömu stærð síðustu ár og það er bara eins og einhver hafi staðið með málband og mælt mig út, smellpassar alltaf. Ég keypti mér mína fyrstu D&G-dragt fyrir 12 árum og hún er enn eins og ný.

Ég fer til Ítalíu nokkrum sinnum á ári og fer þá alltaf í The Mall, sem er svona „designer outlet“ fyrir utan Flórens. Þar er D&G-verksmiðjan og öll stóru ítölsku merkin á niðursettu verði.

Hefur þú fylgst eitthvað með íslenskum hönnuðum? „Íslendingar eru mjög skapandi, fara ótrúðnar slóðir og hika ekki við að vera smá öðruvísi. Í þessari Íslandsferð er ég búin að næla mér í geggjáðan kjól frá ELLU. Mér finnst hann æði, vandaður, klassískur, kvenlegur og elegant. Ég fann líka mjög skemmtilegan regnjakka frá Farmers Market sem nýttist vel í ferð okkar yfir Kjölinn. Mér finnst líka skartgripirnir frá Steinunni Völu sjúklegir. Í Lúxemborg er fólk miklu meira klassískt og hefðbundið. Ég hef því lent í því að kaupa mér eitthvað mjög íslenskt en þegar ég kem aftur til Lúxemborgar horfir maðurinn minn á mig eins og ég sé geimvera og segir

Ég er ekki sú týpa sem situr heima með lappirnar upp í sófa og bíður eftir að karlinn komi heim.

„What are you wearing, you can not go out like this.““

Hver eða hvað veitir þér innblástur í þínu daglega lífi?

„Mér finnst vinnan mín rosalega skemmtileg, einhver sagði: „Once you manage to make a career out of your passion, you will never work again.“ Ég vinn sennilega meira núna en þegar ég var í fjármála-bransanum en ég hef svo gaman af þessu að mér finnst þetta ekki eins og vinna. Mér finnst gaman að vakna á morgnana og takast á við daginn eftir því hvað er í gangi. Það eru líka þvílík forréttindi að geta skipulagt sinn tíma sjálf. Ég hef meiri tíma fyrir fjölskylduna, get ferðast með mannum mínum og eytt kvöldum með honum án þess að vera dauðþreytt eftir erfiðan vinnudag.“

Hverjir eru framtíðardraumararnir? „Ég væri til í að byggja upp tískusýningarbransann í Lúxemborg og hjálpa „local“ hönnuðum að koma vörum sínum á framfæri. Ég er meðal annars í samvinnu við konur sem hanna ótrúlega glæsilega klúta (www.vol-t-age.com). Ég er búin að vera einstaklega heppin með að koma mér á framfæri í fjölmöldum hárna úti en nú þarf ég bara að fullkomna Lúxemborgartískuna mína svo ég hafi betri aðgang að markaðnum.“

Náttúruleg meðferð við liðverkjum

Lyprinol®

PCSO-524™ fituefnaflétta

Hvernig virkar Lyprinol®

Lyprinol® inniheldur sérstakar bólgueyðandi fitusýrur, sem við köllum PCSO-524™.

Öfugt við hefðbundnar ómega-3 fiskiolíur eru sérstakar fitusýrur að finna í Lyprinol®.

Þær hindra bólgur í líkamanum eftir um 4-8 vikur með einkar áhrifaríkum hætti. Eftir um 3 mánuði nær Lyprinol hámarksárangri.

Rannsóknir okkar hafa sýnt að hjá yfir 80% liðagigtarsjúklinga minnka verkir verulega eða hverfa með öllu.

Einungis er þörf á litlum dagsskammti af Lyprinol® til þess að sjá bólgu- og verkjalinandi áhrif í bólgnum liðum. Á meðan þörf er á um 3 – 12 g af hágæða ómega-3 fiskiolíu á dag (það eru allt að 24 stór hylki), byrja áhrif Lyprinol® strax við um 200 mg dagsskammt (4 lítil hylki).

Hægt er að pantast Lyprinol á heimasíðunni www.lyprinol.is eða í s. 894 7799. Frí heimsending um allt land.



Sigríður Elefsen skartar fallegu hálsmeni.

STÓR HÁLSMEN Í TÍSKU

Skartgripatískan í sumar er litrík og óhefðbundin með etniskum innblástri.

„Hálsmenin höfum við verið að versla í París en einnig höfum við verið með íslenska hönnun eins og hönnun Hendriku Waage, sem er glæsileg. Stóru hálsmenin halda áfram að vera vinsæl í haust og þá verður jafnvel meira úrval í etniskum stíl. Við höfum bara verið ótrúlega hrifnar af svona menum, enda passa þau svo vel við hönnunina í búðinni,“ segir Magnús Waage, fatahönnuður hjá versluninni Andreu í Hafnarfirði. Hálsmenin sem fást í versluninni hafa fengið óskipta athygli og þykja henta vel við ýmis tækifæri.

Nýtt frá Hawaiiana Tropic

- **Silk Hydration** sólarvörn
- rakakrem og sólarvörn
- létt og silkimjúkt
- kókosilmur



HAWAIIAN
Tropic™
EST. 1969



SPJÖRUNUM ÚR

HELGARMATURINN LÉTTISALTADIR ÞORSKHNAKKAR MEÐ TÓMATBASILÍKU

Tinna Gilbertsdóttir
starfar sem sölustjóri
hjá Iceland Seafood
og deilir hér hollri
og ljúffengri
uppskrift að
léttisöltuðum
þorskhökku-
um með kart-
öflumús og
tómatabasilíkusósu.



Fyrir 2-4
2-4 þorskhnakkar (u.þ.b. 300 g hver),
egg, salt, pipar, Lamb Islandia-krydd
(Pottagaldrar), heilheiti, mascarpone-
ostur, kartöflur, möndlur, hakkaðir
tómatar (í dós), skalottlaukur, hvit-
laukur, fersk basilíka, basilíkulgjái,
parmaskinka, gufusoðið grænmeti
eftir smekk (t.d. sykurbauinir).

Byrjið á kartöflumúsinni.
Kartöflur eru soðnar og
stappaðar, einu eggji bætt
út í og einnig mascar-

pone-osti úr öskju, ásamt salti, pipar
og Lamb Islandia-kryddi.
Salfiski er velt vel upp úr heilheiti
með pipar í, eggji og síðast möndlum
sem hafa verið malaðar vel í mat-
vinnsluvél (eða með töfrasprota).
Salfiskurinn er steiktur á pönnu í
smá stund og því næst settur í ofn-
skúffu þar sem parmaskinka er sett
ofan á hvert stykki. Bakið í ofni og
fylgist vel með á meðan.
Sósa er lögð með því að mýkja
þrjú skalottlauka og tvö meðalstór
hvítlauksrif í potti með olíu. Einni dós

af hökkuðum tómötum er bætt út í.
Svo er pipar, salti og skvettu af basil-
gljáa bætt út í og látið malla í rúmar
10 mínútur. Þá er nauðsynlegt að
bæta út í sósunu góðri lúku af sax-
aðri ferskri basilíku.
Rétturinn er settur á hvern disk, fyrst
kartöflumúsinn, svo fiskbiti ofan á og
sósan yfir allt. Það er líka gott að
hafa eina tegund af gufusoðnu græn-
meti til hliðar á diskunum, t.d. sykurb-
bauinir sem er rétt búið að „svissa“
á pönnu í olíu og salt og pipar stráð
yfir það.

Aldis Pálsdóttir

ALDUR: ohh, tuttugu og tólf
STARF: Ljósmyndari

**Hvern faðmaðir þú sið-
ast?** Ég faðmaði hund
tengdaforeldra minna, sem
týndist í klukkutíma. Allir voru
svo glaðir að fá dýrið aftur.

En kysstir? Ég kyssti kærast-
ann minn.

**Hver kom þér síðast á
óvart og hvernig?** Brúð-
hjón sem ég myndaði síð-
asta laugardag. Þau voru
með „óhefðbundið“ giftingar-
partí þar sem allir sungu og
dönsuðu og föðmuðust á
meðan þau voru gefin saman.
„Baba nam kevalam.“ Það var
dásamleg upplifun!

**Hvaða galla í eigin fari
ertu búin að umbera allt
of lengi?** Fullt af göllum. Ég
er löt á morgnana!

Ertu hörundsár? Já, ég get
orðið mjög hörundsár.

**Hvenær gerðirðu þig síð-
ast að fifli og hvernig?**
Eitt atvik situr í mér sem gerð-
ist fyrir u.þ.b. 10 árum. Þá var
ég með móður minni á búðar-
rápi og var ægilega ánægð
með hvað karlpeningurinn tók
vel eftir mér. Allt í einu hangir
mamma aftan í mér. Ég fann
hvernig hún barðist við hlát-
urinn og þegar við settumst
inn í bíl sá ég að ég var með
saumsprettu aftan á buxunum
mínum. Innan undir mjög svo
þröngum Tark-buxum var ég í
pínulitlum g-strengsnærbuxum
sem sáust ekki... svo við blöstu
bara dásamlegar stinnar hvítar
rasskinnar.

**Hringirðu stundum í
vælubílinn?** Nei, eigin-
lega ekki. Ég á svolítið erfitt
með að biðja um hjálp ef
mig vantar hana. Það er einn
ókosturinn við mig.

Tekurðu strætó? Já,
stundum. Aðallega á Akra-
nesi þar sem ég bý. Hjá mér
er frítt í strætó innanbæjar.
Kemur fyrir að ég taki strætó
til Reykjavíkur.

**Hvað eyðirðu miklum
tíma á Facebook á dag?**
Ohh! Alltof miklum, en hey,
Facebook er atvinnuskapandi
fyrir mig!

**Ferðu hjá þér þegar þú
hittir fræga eða heilsarðu
þeim?** Ég heilsa auðvitað
sama hvort viðkomandi er
frægur eða ekki ef ég þekki
fólkið.

**Lumarðu á einhverju
sem fáir vinir þínir vita
um þig?** Já, vát! Alveg fullt!
Samt engu krassandi fyrir utan
þau leyndarmál sem eru bara
leyndó.

**Hvað ætla þú að gera
um helgina?** Ég
ætla alls ekki að hringja í
vælubílinn.

SIEMENS



Ariel fljótandi þvottaefni
og Lenor mýkingarefni
fylgja með öllum
Siemens þvottavélunum.

Ný Siemens þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

www.sminor.is

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði og íslenskum
leiðarvísi. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++ . Nýhönnuð tromla
(„waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín.
hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við
að gera hana mjög stöðuga og **hljóðláta** („antiVibration
Design“).

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu
á góðu verði.

Kynningarverð:
124.900 kr. stgr.

Þvottavél, WM 14Q370SN



**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is